

## Gerðaskóli gegn einelti

Einelti og annað ofbeldi er ekki liðið í Gerðaskóla. Starfsfólk skólans starfar samkvæmt forvarnar- og eineltisáætlun Gerðaskóla. Áætluninni er ætlað að draga úr möguleikum á einelti og skapa skólaumhverfi sem einkennist af virðingu, jákvæðum samskiptum og ákveðnum ramma vegna óviðunnandi atferlis. Starfsfólk Gerðaskóla leggur áherslu á samvinnu við nemendur og foreldra/forráðamenn þeirra í forvarnarstarfi sem þessu svo hægt sé að virkja sem flesta til þátttöku og samábyrgðar á góðum skólabrag og velferð allra nemenda. Samstarf allra aðila skólasamfélagsins er grundvöllur þess að vel takist til og að hægt sé að leysa mál sem upp koma á sem farsælastan hátt.

### Ferillýsing í eineltismálum

Einelti er ekki liðið undir neinum kringumstæðum og er litið á það sem alvarlegt brot á skólareglum. Ávallt skal gæta trúnaðar í meðferð eineltismála. Mikilvægt er að allir sem hafa grun eða vitneskju um einelti, tilkynni það strax til skólans svo hægt sé að vinna markvisst að því að stöðva það. Ef vitneskja um einelti berst til skólans, mun starfsfólk skólans vinna samkvæmt eftirfarandi ferillýsingu:

#### Könnunarstig

1. Grunur um einelti tilkynnist til umsjónarkennara, skólastjórnenda eða námsráðgjafa. Skólastjóri kallar saman eineltisráð og upplýsir umsjónarkennara.
2. Eineltisráð ásamt umsjónarkennara fer yfir upplýsingar og skiptir með sér verkum. Mikilvægt er að haldin sé skráning um málið og þær aðgerðir sem til koma.
3. Frekari upplýsinga er aflað, til dæmis með tengslakönnunum og einstaklingsviðtölum.
  4. Ef grunur er hrakinn er gerð skýrsla og máli lokið.

#### Aðgerðastig (ef grunur er staðfestur)

5. Áætlun og tímarammi eru gerð um næstu skref.
  - Haft samband við forráðamenn.
  - Starfsfólk upplýst eftir þörfum.
6. Aðgerðaáætlun framfylgt. Að henni geta komið; eineltisráð, gerandi, þolandi, forráðamenn, sérfræðiaðstoð, bekkir, starfsfólk.
7. Áætluðu verkferli lýkur. Staða málsins könnuð vandlega og framhaldsmeðferð ákveðin.
  8. Sé einelti hætt er gerð skýrsla og máli lokið. Áætlun um eftirfylgni ef þörf krefur.

#### Sértæk úrræði (ef einelti er ekki lokið)

9. Máli vísað til yfirvalda (Fræðslufyrirvöld, Barnavernd, Lögregla, Heilbrigðisyfirvöld)
10. Úrræði utan skóla. Framhald unnið í samvinnu við yfirvöld.

## **Eineltisráð**

Við Gerðaskóla er starfandi ráðgefandi eineltisteymi sem er kennurum til stuðnings við úrlausn eineltismála og sinnir fyrirbyggjandi aðgerðum í eineltismálum. Ráðið miðlar sérþekkingu og heldur saman upplýsingum. Það safnar efni um eineltisfræðslu fyrir öll skólastigin og byggir upp gagnabanka fyrir kennara.

### **Um einelti:**

*Einelti er ofbeldi sem aldrei er réttlætanlegt.* Talað er um einelti þegar einstaklingur verður fyrir endurteknu og langvarandi áreiti eða útskúfun og á erfitt með að verjast því. Í einelti felst ójafnvægi valds og geta birtingarmyndir eineltis verið af margvíslegum toga, bæði líkamlegar og andlegar, dular og sýnilegar.

*Útskúfun og afskiptaleysi.* Barn má ekki vera með í leik eða er ekki boðið með á atburði, s.s. í afmæli. Það er ekki látið vita þegar eitthvað stendur til. Ekki er tekið mark á sjónarmiði einstaklings.

*Neikvæðar athugasemdir,* t.d. hvað varðar útlit, klæðnað eða athafnir, uppnefni, fliss eða augngotur.

*Eigum stolið,* þær vanvirtar eða eyðilagðar.

*Þvinganir:* barn fengið til að gera eitthvað sem það kærir sig ekki um að gera, er niðurlægjandi og/eða stríðir gegn réttlætiskennd.

*Líkamlegt ofbeldi:* T.d. lemja, hrinda, sparka.

*Baktal:* Talað er illa um einstaklinginn, sögusagnir og lygi eru bornar út um hann eða aðra sem tengjast honum.

*Rafrænt/skriflegt einelti:* Hvers kyns athugasemdir eða myndbirtingar á rafrænum miðlum, smá skilaboð, krot, bréfasendingar.

## **Hugsanlegar vísbendingar um að barn sé lagt í einelti**

- ✓ Óvenjuleg hegðun eða eitthvað hefur komið fyrir sem barnið getur ekki almennilega gert grein fyrir.
- ✓ Barnið vill ekki lengur fara í skólann.
- ✓ Líkamlegar kvartanir t.d. höfuðverkur, magaverkur, sérstaklega á morgnana.
- ✓ Breyttar matarvenjur, lystarleysi.
- ✓ Barnið verður niðurdregið eða órólegt á sunnudagskvöldum eða síðasta kvöldið í skólaleyfi.
- ✓ Svefntruflanir, martraðir eða grátur.
- ✓ Barnið er niðurdregið, virðist óhamingjusamt eða þunglynt.
- ✓ Námsárangur og áhugi á skóla dvínar.
- ✓ Óútskýranleg skapofsaköst og/eða grátköst.
- ✓ Barnið neitar að segja frá hvað amar að.

- ✓ Árásargirni og erfið hegðun.
- ✓ Það getur ekki gefið trúverðuga skýringu á mari, skeinum og sárum.
- ✓ Barnið er alltaf eitt, bekkjarfélagar/leikfélagar koma ekki lengur heim með barninu.
- ✓ Barnið hættir að sinna náminu, einkunnir lækka, einbeitingarörðugleikar.
- ✓ Það hnuplar eða biður um meiri peninga en það er vant.

### **Annað**

- Mikilvægt er að hafa í huga að allir geta orðið fyrir einelti. Gerendur geta nánast notað hvað sem er í að fóðra einelti, hvort sem um er að ræða útlit, framkomu, skoðanir, veikleika eða jafnvel hæfileika og styrkleika annarra. Öfund getur einnig verið orsök eineltis. Því getur hver sem er lent í einelti.
- Einelti á sér oftast stað þar sem enginn sér og getur því farið framhjá þeim fullorðnu ef enginn segir frá. Einelti gerir ekki mannámun. Allir geta orðið fyrir því og áriðandi er að allir þekki einkenni eineltis.
- Einstaka stríðni eða átök teljast ekki einelti en geta samt verið meiðandi og því að aðstoða börn við að leysa slíka árekstra svo þau leiði ekki af sér einelti seinna meir.
- Hafa verður í huga að gerendur eru ekki alltaf meðvitaðir um áhrif hegðunar sinnar og upplifun þolenda. Allir geta lent í eineltisaðstæðum, hvort heldur sem gerendur, þolendur eða meðvirkir áhorfendur. Einelti er gjarnan skoðað út frá gerendum, þolendum og einnig áhorfendum. Þetta er þó ekki alltaf svona einfalt, því sami einstaklingurinn getur verið í öllum hlutverkunum, bara í mismunandi aðstæðum.

### **Hvað geta foreldrar gert ef barnið þeirra er þolandi:**

- ✓ Haft samband við skólann.
- ✓ Hlustað vel á barnið.
- ✓ Brugðist við vanda barnsins með skilningi, þolinmæði og umhyggju.
- ✓ Látið barnið finna að það á ekki sök á eineltinu.

### **Hvað geta foreldrar gert ef þeirra barn er gerandi?**

- ✓ Haft samband við skólann þar sem hægt er að setja í gang viðeigandi aðgerðir.
- ✓ Ræða við aðra foreldra.
- ✓ Reiði og skammir duga skammt.
- ✓ Árangursríkara er að setjast niður og ræða málin.
- ✓ Skýra þarf út fyrir barninu að það er ólíðandi að særa aðra, bæði líkamlega og andlega.
- ✓ Gefið skýr skilaboð um að einelti sé alvarlegt mál og barnið eigi að hætta því.

✓ Gott er að fá barnið til að setja sig í spor þolenda og ímynda sér hvernig þeim líður. Þannig eflum við samkennd barnsins með öðrum.

✓ Skoðað eigin hegðun og hegðun annarra í fjölskyldunni.

✓ Fylgst vel með hvernig barnið ver frítíma sínum og með hverjum.

✓ Það er mikilvægt að barnið viti að foreldrarnir eru í sambandi við kennarann og fylgjast með framvindu málsins. Mikilvægt er að muna eftir að hrósa barninu ef vel gengur.